

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 162/2006 um gjaldtöku fyrirtækjaskrár, hlutafélagaskrár, samvinnufélagaskrár og almannaheillafélagaskrár, með síðari breytingum.

1. gr.

Heiti reglugerðarinnar breytist og verður svohljóðandi:

Reglugerð um gjaldtöku fyrirtækjaskrár, hlutafélagaskrár, samvinnufélagaskrár, sjálfseignastofnanaskrár, almannaheillafélagaskrár og firmaskrár.

2. gr.

Heiti I. kafla reglugerðarinnar breytist og verður svohljóðandi:

Gjaldtaka fyrirtækjaskrár, hlutafélagaskrár, samvinnufélagaskrár, sjálfseignarstofnanaskrár, almannaheillafélagaskrár og firmaskrár.

3. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Ríkisskattstjóri skal taka gjald fyrir skráningu í fyrirtækjaskrá, hlutafélagaskrá, samvinnufélagaskrá, sjálfseignastofnanaskrá, almannaheillafélagaskrá o.fl. og fyrir afhendingu vottorða, upplýsinga og gagna úr skránum eftir því sem nánar er kveðið á um í þessum kafla.

Engin gjaldtaka skal þó vera fyrir aðgang að upplýsingum skv. 4. gr. í rafrænni uppfléttingu á vefsvæði Skattsins.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. reglugerðarinnar:

Í stað fjárhæðar „5.000 kr.“ í 1. tölul. kemur: 12.000 kr.

5. gr.

4. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Í vottorði skv. 3. tölul. 2. gr. skulu koma fram eftirfarandi upplýsingar eftir því sem við á:

- heiti félags og útibú tilgreind ef við á,
- erlent aukheiti,
- rekstrarform,
- kennitala,
- heimilisfang,
- póstfang,
- nöfn, kennitölur og lögheimili stjórnar- og varastjórnarmanna,

- h. nöfn, kennitölur og lögheimili félagsmanna sameignar- og samlagsfélaga,
- i. nöfn, kennitölur og lögheimili útibússtjóra,
- j. nöfn kennitölur og lögheimili framkvæmdastjóra,
- k. nöfn, kennitölur og lögheimili prókúruhafa,
- l. hverjir riti firmað,
- m. nöfn, kennitölur og lögheimili endurskoðenda eða skoðunarmanna,
- n. atvinnugreinaflokkun,
- o. hlutafé eða stofnfé,
- p. Hvort lausnarskylda sé á hlutum eða hömlur á meðferð hlutabréfa ef við á,
- q. dagsetning samþykktu eða félagssamnings,
- r. tilgangur félags,
- s. reikningsár,
- t. fjárhæð hluta og atkvæðisréttur hluthafa,
- u. Hvort nokkrum hlutum í félaginu skuli fylgja sérstök réttindi,
- v. Hverjar þær upplýsingar sem fyrirtækjaskrá telur nauðsynlegt eða hagkvæmt að birta vegna hagsmuna opinberra aðila eða miðlunar upplýsinga til opinberra aðila, fyrirtækja og almennings.

6. gr.

6. gr. reglugerðarinnar er felld brott.

7. gr.

7. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Með samningi við ríkisskattstjóra getur fyrirtæki eða stofnun fengið rafrænan aðgang að gagnagrunni fyrirtækjaskrár, hlutafélagaskrár, samvinnufélagaskrár, sjálfseignastofnanaskrá, almannaheillafélagaskrár og firmaskrár og heimild til miðlunar tiltekinnar upplýsinga úr skránum til annarra. Gjaldtaka fyrir slíka heimild skal vera:

- | | |
|--|-------------|
| 1. Stofngjald/tengigjald | kr. 195.900 |
| 2. Mánaðarlegt þjónustugjald | kr. 7.800 |
| 3. Fyrir aðgang að hverjum samþykktum, stofnsamningi, stofnfundargerð, aukatilkynningu eða öðrum gögnum. | Kr. 1.000 |
| 4. Uppfletting upplýsinga skv. 4. gr. reglugerðar | kr. 0 |

8. gr.

8. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Gjaldtaka fyrir skráningu félaga, sjóða og stofnana, og skráningu breytinga fer að öðru leyti eftir lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 3. mgr. 6. gr. og 3. mgr. 8. gr. laga nr. 17/2003, um fyrirtækjaskrá með síðari breytingum, 2. mgr. 147. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995 með síðari breytingum, 2. mgr. 121. gr. laga um einkahlutafélög, nr. 138/1994, með síðari breytingum, 2. mgr. 10. gr. laga um samvinnufélög nr. 22/1991, með síðari breytingum, 7. mgr. 45. gr. laga um sameignarfélög nr. 50/2007, með síðari breytingum, 2. mgr. 37. gr. laga um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur nr. 33/1999, með síðari breytingum, 20. gr. laga um skráningarskyldu félaga til almannaheilla með starfsemi yfir landamæri nr.

119/2019, með síðari breytingum, og 33. gr. laga um félög til almannaheilla nr. 110/2021, og öðlast þegar gildi.

Menningar- og viðskiptaráðuneytinu, [dags].

F.h.r.

[undirritun].

[undirritun].